

HAGSMUNASAMTÖKIN GEÐHJÁLP: ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR Á ÍSLANDI

Geðheilbrigði skiptir alla máli

„Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn er 10. október næstkomandi. Ár hvert er mismunandi þema og í fyrra var helsta áherslan á varnir gegn sjálfsvígum. Í ár er það aðlögun menningarheima á Íslandi og áskorunin sem því fylgir,“ segir Einar G. Kvaran, upplýsingafulltrúi Geðhjálpar.

Samtökin standa fyrir heilmikilli dagskrá í Perlunni í dag klukkan 15.30. „Við fylgjum þemanu í dagskrárvinnunni og erum í miklu samstarfi við Alþjóðahúsið og þaðan koma þrjú atriði á dagskránni í dag.“

Einar segir alþjóðlegar kannanir sýna að fólk sem tekur sig upp og sest að á nýjum stað eigi oft erfitt með að aðlagast og leita sér hjálpar og tjá sig. Dessi hópur á því oft erfitt með að ræða um geðsjúkdóma. „Tölulegar upplýsingar um þetta hérlendis eru ekki til. Enda séríslenskt að fólk á besta aldri geti komið hingað og farið beint í vinnu en þannig hefur það því betri forsendur til aðlögunar. Samt sem áður er það áskorun að leyfa röddum allra að hljóma þannig að öllum líði vel,“ segir Einar og bætir við að þetta sé bæði áskorun fyrir innflytjendur og innfædda.

Í tilefni dagsins hefur Geðhjálp látið prenta fyrsta geðorðið af geðorðunum tíu á boli sem verður dreift í Perlunni í dag. Í gær fékk síðan Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra 63 boli sem hann mun dreifa til þingmanna Alþingis. „Hugmyndin er að láta prenta eitt geðorð á boli á ári. Þannig vekjum við áhuga á deginum og kynnum hann. Svo eru ákveðin mál sem eru helstu baráttumálin varðandi geðheilbrigði á landinu sem við ætlum að leggja áherslu á í kjölfarið,“ segir Einar og tekur dæmi: „Það er að vinna gegn fordómum, bæta aðgengi að heilbrigðisstarfsfólki, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem það er af skornum skammti, og í þriðja lagi að auka forvarnir gagnvart geðsjúkdómum, sem felst í fræðslu og kynningu.“

Einar hvetur alla til að mæta á skemmtidagskrána í Perlunni í dag. „Það eru margir sem hafa átt við þessi veikindi að stríða þannig að ég held að flestir þekki einhvern sem hefur glímt við þetta ef ekki þeir sjálfir. Síðan er geðheilbrigði eitthvað sem skiptir alla máli,“ segir Einar og tekur fram að þetta sé geðheilbrigðisdagur en ekki geðveikisdagur.

Ásamt dagskránni í Perlunni verður geðhlaup klukkan



MIKIL DAGSKRÁ
Einar G. Kvaran er upplýsingafulltrúi Geðhjálpar og segir heilmikla dagskrá verða í tilefni af alþjóða geðheilbrigðisdeginum sem verður á miðvikudaginn en dagskráin hefst í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

11 og í framhaldi af því er geðsund í Nauthólsvík og kostar skráningin þúsund krónur.

„Á miðvikudaginn verður síðan ráðstefna sem byrjar klukkan 14 þar sem farið verður faglega yfir geðheilbrigðismál en um kvöldið klukkan 20 verður minningarguðsþjónusta í Hallgrímskirkju fyrir fórnarlömb sjálfsvíga og þeirra sem hafa átt um sárt að binda vegna þeirra. Í kjölfarið á því verður gengið niður að tjörn þar sem kertum verður fleytt í minningu þeirra sem fallið hafa fyrir eigin hendi,“ bætir Einar við og vonast eftir að sjá sem flesta á viðburðunum sem tengjast geðheilbrigðisdeginum. sigrurdurh@frettabladid.is